

Starfsábyrgðartrygging ökutækjaleigu er lögboðin váttrygging sem byggir á lögum um leigu skráningarskyldra ökutækja nr. 65/2015 og reglugerð nr. 840/2015. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

Váttryggður er váttryggingartaki.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur vegna skaðabótaskyldu, er fellur á váttryggðan vegna starfrækslu ökutækjaleigu. Skal váttryggingin bæta leigutökum almennt fjártjón er stjórnendur og starfsmenn ökutækjaleigunnar hafa bakað þeim vegna vanefndar á samningi sem gerður hefur verið um leigu á bifreið eða öðru skráningarskyldu vélknúnu ökutæki. Eingöngu beint fjárhagslegt tjón skal bætt úr váttryggingunni. Nánar um gildissvið fer skv. 2. og 3. mál. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 840/2015.

3. gr. Undanskildar áhættur

Váttryggingin tekur ekki til:

- Ábyrgðar sem váttryggður tekur á sig og er víðtækari en bótaskylda almennt skv. leigusamningi um bifreið eða annað skráningarskyldt vélknúð ökutæki.
- Líkamstjóns eða skemmda á munum.
- Starfsemi ökutækjaleigunnar utan Evrópska efnahagssvæðisins eða bótaábyrgðar sem er ríkari en eftir þeim reglum sem þar gilda um skaðabótagrundvöll eða ákvörðun bótafjárhæðar.
- Váttryggingin greiðir ekki bætur ef tjón hlýst af bótaskyldri háttsemi váttryggðs eftir að starfsleyfi hans hefur fallið niður eða starfsheimildir hans eru af öðrum ástæðum ekki lengur fyrir hendi.

4. gr. Tímatakmörk

Váttryggingin tekur til skaðabótakröfu gegn váttryggðum sem til stofnast á váttryggingartímanum, án tillits til þess hvenær það atvik varð, sem krafan reis af.

Skaðabótakrafa telst gerð þegar hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

- Að þriðji maður gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur váttryggðum.
- Að váttryggðum verður fyrst kunnugt um, að þriðji maður hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem kann að verða rakið til gáleysis váttryggðs eða starfsmanna hans, eða að bein hætta er á að slíkt tjón verði.

Váttryggingin tekur ekki til tjóns vegna skaðabótakröfu, sem gerð hefur verið á hendur váttryggðum á váttryggingartímanum, hafi krafan ekki verið tilkynnt féluginu í síðasta lagi 3 mánuðum eftir lok váttryggingarinnar. Þótt tjón teljist hafa orðið á váttryggingartímanum og það hafi verið tilkynnt féluginu innan 3 mánaða eftir lok váttryggingarinnar, tekur váttryggingin ekki til slíks tjóns nema váttryggður hafi mótttekið skriflega skaðabótakröfu og tilkynni það féluginu í síðasta lagi innan 2 ára eftir lok váttryggingarinnar.

Skaðabótakröfu sem rakin er til tjóns er verður hvort heldur skyndilega eða smám saman bætur félagið ekki, hafi tjón orðið að einhverju leyti eða öllu áður en váttryggingartíminn hófst.

5. gr. Varúðarregla

Ökutæki til útleigu skulu ætíð vera í góðu ásíðkomulagi, fullnægja kröfum sem gerðar eru um þau og þau færð til lögboðinnar skoðunar.

6. gr. Sérregla um váttryggingarfjárhæð

Ábyrgð félagsins vegna hvernar bótakröfu takmarkast við þá váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er á váttryggingarskírteini. Heildargreiðsla félagsins vegna allra bótakrafna innan hvers váttryggingarárs fer eftir fjölda ökutækja til útleigu, sbr. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 840/2015 eins og nánar er tilgreint í váttryggingarskírteini.

7. gr. Sérregla um uppsögn

Falli váttrygging niður án þess að önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið tekin ber féluginu að tilkynna það til Samgöngustofu. Enda þótt váttryggingin sé úr gildi fallin, ber félagið ábyrgð gagnvart tjónþola (þriðja manni) á tjóni, er rekja má til tjónsatvika sem verða þar til 8 vikur eru liðnar frá því að félagið tilkynnti váttryggingartaka og Samgöngustofu að váttryggingin væri fallin úr gildi, nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið tekin.

Skilmálar þessir gilda frá 2. október 2019.